

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, fimmtudaginn 27. ágúst 2015 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Dóra Jakobsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Guðrún Rögnvaldardóttir, Hilmar Hilmarsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Sigríður D. Þorvaldsdóttir, Sigurður Pálsson, Stanisław Jan Bartoszek og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Brynhildur Þórarinsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir tilkynntu forföll. Gunnhildur Stefánsdóttir og Steinunn Mar mættu ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Skýrsla um störf Íslenskrar málnefndar 2010–2015

Sjá fg. stj. ÍM 5/2015, lið 2. Drög að skýrsla um störf málnefndarinnar 2010–2015 var send til nefndarmanna 17. ágúst. Formaður óskaði eftir lokaathugasemdum við skýrsluna áður en henni yrði skilað til ráðherra. Nokkrar athugasemdir og leiðréttingar bárust frá nefndarmönnum á fundinum, m.a. Hilmari og Þórhildi. Formaður hyggst leiðrétta skýrsluna til samræmis við ábendingar.

2. Endurskoðun íslenskra ritreglna

Eitt af meginhlutverkum Íslenskrar málnefndar er að semja ritreglur. Í 6. gr. laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, segir: „Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gilda m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og ráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.“

Haraldur sendi *Drög að endurskoðuðum íslenskum ritreglum* til nefndarmanna í Íslenskri málnefnd 24. ágúst. Þessi drög að ritreglum, sem skipt er í 22 kafla, eru afrakstur vinnu tveggja vinnuhópa Íslenskrar málnefndar um ritreglur. Annars vegar hóps sem starfaði 2009–2010 og í sátu Baldur Sigurðsson, Haraldur Bernharðsson, Jóhannes B. Sigtryggsson, Margrét Guðmundsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir (formaður). Þessi hópur samdi reglur um (1) stóran staf og lítinn, (2) um eitt orð og fleiri og (3) um kommuetningu. Hann lagði tillögur sínar fram í skýrslu til Íslenskrar málnefndar 17. september 2010 og voru þær samþykktar á fundi nefndarinnar 14. október 2010. Síðari vinnuhópurinn starfaði með hléum 2012–2015 en í honum voru Haraldur Bernharðsson (formaður), Jóhannes B. Sigtryggsson og Margrét Guðmundsdóttir. Þessi hópur hélt starfinu áfram og yfirför aðra þætti íslenskra ritreglna. Ekki var litið á greinarmerkjasetningu nema kommuetningu.

Haraldur sagði að upphaflega hugmyndin með nýjum ritreglum hefði verið að þær leystu af hólmi núgildandi auglýsingar um stafsetningu og greinarmerkjasetningu frá 1974 og 1977, yrðu aðgengilegri og studdar fleiri dæmum. Í þessum drögum að ritreglum, sem nú væru lögð fram, fælust mestu breytingarnar frá auglýsingunum í auknum fjölda dæma og breyttri framsetningu. Litlar breytingar væru hins vegar á efni enda sagði Haraldur að varlega þyrfti

að fara í róttækar breytingar á stafsetningu. Litið væri á þetta sem lýsingu á hefð en ekki nýja hefð. Ýmislegt í ritregludrögum er fengið frá ritreglum *Stafsetningarorðabókarinnar* (2006, bls. 673–736) og öðrum ritum.

Nokkrir tóku til máls um ritreglurnar. Sigurður sagði að þær væru þægilega lausar við einhvers konar sérvisku. Melkorka hrósaði reglunum og fannst þær vera skýrar. Hilmar sagði að sér sýndist ritreglurnar vera mjög greinargóðar og notendadrjúgar. Eiríkur sagði mikilvægt að vísað yrði í reglurnar frá einstökum flettum í *Stafsetningarorðabókinni*. Jóhannes sagði að það stæði til að láta hanna sameiginlega vefsíðu fyrir *Stafsetningarorðabókina* og ritreglurnar þar sem áhersla yrði lögð á millivísanir milli þeirra (sjá fg. stj. ÍM 4/2015, 4. lið). Dóra sagði að of stuttur frestur hefði verið fyrir nefndarmenn til að kynna sér drögin. Haraldur sagði að því miður hefði ekki tekist að ljúka þeim fyrr.

Haraldur sagðist sjá fyrir sér að fullunnar ritreglur yrðu birtar í heild í nýrri rafrænni útgáfu *Stafsetningarorðabókar* sem fyrirhugað er að komi út á næsta ári. Samhliða yrði óskað eftir því við mennta- og menningarmálaráðuneyti að birt yrði auglýsing í *Stjórnartíðindum*, sem leysti af hólmi núverandi auglýsingar um stafsetningu, þar sem vísað yrði í nýjar reglur.

Niðurstaða umræðnanna var að Íslensk málnefnd væri jákvæð gagnvart þessum nýju fyrirhuguðu ritreglum en vísaði þeim til næstu málnefndar til endanlegrar afgreiðslu. Drögin verða send ráðherra og birt á heimasíðu málnefndarinnar.

3. Önnur mál

a) *Úttekt á efndum íslenskrar málstefnu*

Sjá fg. stj. ÍM 9/2014, 3. lið. Drög að úttekinni voru send til aðalmanna í Málnefndinni fyrir fund ÍM 25. nóvember 2014 (sjá fg. ÍM 2/2014) og þeir beðnir að gera athugasemdir við þau. Dóra, Brynhildur og Eiríkur sendu formanni athugasemdir þá. Fyrir þennan fund var úttektin aftur send (26. ágúst), lítt breytt, til nefndarmanna. Nokkrir nefndarmenn, t.a.m. Hilmar, gerðu athugasemdir eða leiðréttingar við úttektina á fundinum og Brynhildur sendi ritara leiðréttingar fyrir fundinn. Melkorka benti á að gleymst hefði að færa inn í úttektina kafla hennar og Sigurðar um íslensku í listum. Einnig átti eftir að færa inn í hana kafla um íðorð sem Ágústa Þorbergsdóttir, málfræðingur á Árnastofnun, hafði samið. Anna bauðst til þess að lagfæra þetta og annað sem nefnt var og senda úttektina síðan aftur til formannsins.

Í lok fundar þakkaði formaður Íslenskrar málnefndar, Guðrún Kvaran, nefndarmönnum fyrir gott samstarf í nefndinni. Skipunartímabil nefndarinnar rennur út 31. ágúst og hyggst formaður afhenda ráðherra skýrslu ÍM, úttekt á efndum málstefnunnar og drög að ritreglum áður en skipunartímabilið rennur út.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.